

Kópavogur – Skipulagslýsing - Nýtt deiliskipulag Ásbrautar**Viðtakandi:** Kópavogsbær**Sendandi:** Skrifstofa skipulagsfulltrúa**Umsögn**

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. ágúst 2024 var lögð fram umsagnarbeiðni Kópavogsbæjar, dags. 19. júlí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa um skipulagslýsingu vegna tillögu að nýju deiliskipulagi Ásbrautar í Kópavogi. Skipulagssvæðið nær yfir fjölbýlishúsalóðir 3-21 og göturými við Ásbraut. Markmið með deiliskipulagsvinnunni að endurhanna göturými Ásbrautar til að bæta stígakerfi og tryggja með samræmdum hætti örugga og greiða umferð gangandi og hjólandi vegfarenda í samræmi við aðalskipulag Kópavogsbæjar, samkvæmt lýsingu, dags. 12. júlí 2024.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við skipulagslýsinguna. Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur fagnar stígtengingunni, enda er hún hluti af stofnleið hjóltreidda á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Hrönn Valdimarsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa